

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla).

Frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

1. gr.

Á eftir X. kafla A laganna kemur nýr kafli, X. kafli B, **Stuðningur við einkarekna fjölmiðla**, með sjö nýjum greinum, 62. gr. d. – 62. gr. j., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (62. gr. d.)

Markmið stuðnings við einkarekna fjölmiðla.

Markmið stuðnings er að efla ritstjórnir einkarekinna fjölmiðla í því skyni að styðja við fréttabjónustu, lýðræðislega umræðu og treysta stöðu íslenskrar tungu. Veita skal fjölmiðlum árlegan fjárhagsstuðning vegna kostnaðar við að vinna fréttir og fréttatengt efni.

Almennur rekstrarstuðningur skal veittur einkareknum fjölmiðlum sem gegna lýðræðishlutverki og uppfylla skilyrði 62. gr. g. Viðbótarstuðningur skal veittur einkareknum fjölmiðlum sem sinna fréttabjónustu í almannabágu á landsvísu og uppfylla skilyrði 62. gr. h.

b. (62. gr. e.)

Úthlutunarnefnd.

Ráðherra skipar þriggja manna úthlutunarnefnd um stuðning við einkarekna fjölmiðla. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins og einn samkvæmt tilnefningu Ríkisendurskoðunar og skal sá vera löggiltur endurskoðandi. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna og skal hann uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum, reynslu og menntun sem nýtist á þessu sviði.

Skipunartímabil úthlutunarnefndar er til 1. janúar 2031. Nefndin setur sér starfsreglur og gefur út skýrslu í lok skipunartímabilsins þar sem fram kemur mat á stuðningskerfinu á tímabilinu.

c. (62. gr. f.)

Umsókn.

Úthlutunarnefnd auglýsir eftir umsóknum um rekstrarstuðning. Umsókn um rekstrarstuðning, ásamt fylgigögnum, skal berast úthlutunarnefnd samkvæmt umsóknarfresti ákveðnum í reglugerð, þó eigi síðar en 1. júní ár hvert. Ef fjölmiðlaveita starfrækir beint eða

óbeint fleiri en einn fjölmiðil sem uppfyllir skilyrði fyrir rekstrarstuðningi skal umsókn vera sameiginleg vegna þeirra.

Í umsókn skulu koma fram gögn um stuðningshæfan rekstrarkostnað, sbr. 62. gr. i, og skal hann vera sundurliðaður. Skila ber upplýsingum um m.a. meðalfjölda stöðugilda, fjölda verktaka og heildarfjárhæð greiðslna til þeirra vegna miðlunar á fréttum og fréttatengdu efni fyrir árið á undan. Upplýsingarnar skulu vera staðfestar af löggiltum endurskoðanda. Ef um er að ræða fjölmiðlaveitur með ársveltu undir 20 millj. kr. skulu upplýsingarnar vera staðfestar af löggiltum endurskoðanda eða viðurkenndum bókara.

Í því skyni að sannreyna stuðningshæfan rekstrarkostnað skv. 62. gr. i getur úthlutunarnefnd óskað eftir viðeigandi upplýsingum frá umsækjanda, til að mynda virðisaukaskattsskýrslum og bókhaldi. Séu gögn ófullnægjandi skal úthlutunarnefnd veita umsækjanda frest til að skila inn fullnægjandi gögnum.

Við mat á umsóknum getur úthlutunarnefnd aflað álits sérfróðra aðila um hvort skilyrði 62. gr. g og 62. gr. h séu uppfyllt.

Fjölmiðlanefnd sér um umsýslu umsókna og veitir úthlutunarnefnd sérfræðiaðstoð eftir nánara samkomulagi. Kostnaður við mat á umsóknum og annarri umsýslu skal greiddur úr ríkissjóði.

d. (62. gr. g.)

Skilyrði fyrir almennum rekstrarstuðningi.

Skilyrði fyrir almennum rekstrarstuðningi við einkarekinn fjölmiðil eru eftirfarandi:

1. Rekstrarkostnaður er stuðningshæfur, sbr. 62. gr. i.
2. Umsækjandi er sá einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil þegar umsókn berst úthlutunarnefnd. Fjölmiðill skal jafnframt hafa starfað með leyfi eða skráningu frá fjölmiðlanefnd skv. IV. kafla óslitið í 12 mánuði eða lengur, fyrir þann tíma er umsókn berst til úthlutunarnefndar.
3. Á fjölmiðli skulu starfa a.m.k. þrír starfsmenn í fullu starfi við að afla og miðla efni, en einn starfsmaður hjá staðbundnum fjölmiðli.
4. Prentmiðlar skulu koma út að lágmarki 20 sinnum á ári en staðbundnir fjölmiðlar 12 sinnum. Netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu miðla nýju efni á virkum dögum í 20 vikur á ári.
5. Fjölmiðill miðli fréttum og fréttatengdu efni úr íslensku samfélagi.
6. Fjölmiðlaveita hafi staðið skil á árlegri skýrslugjöf til fjölmiðlanefndar skv. 23. gr. vegna ársins á undan og hafi veitt fjölmiðlanefnd fullnægjandi gögn og upplýsingar um eignarhald fjölmiðlaveitunnar skv. 4. mgr. 17. gr., þ.m.t. gögn um raunverulegan eiganda.
7. Fjölmiðlaveita sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattasektir sem komnar voru á eindaga fyrir lok næsta árs á undan, og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattsskýrslum, til ríkisskattstjóra. Við mat á skuldastöðu gagnvart ríkissjóði skal miðað við dagsetningu umsókna.
8. Laun og réttindi starfsmanna á fjölmiðli skulu vera í samræmi við lög og kjarasamninga.
9. Fjölmiðlaveita var ekki í fjárhagserfiðleikum í lok næsta árs á undan, í skilningi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar

- á 107. og 108. gr. sáttmálans, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2014 frá 27. júní 2014, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð um gildistöku reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um ríkisaðstoð, nr. 355/2025.
10. Styrkþegi skal skila greinargerð til úthlutunarnefndar um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en sex mánuðum eftir úthlutun styrks.

e. (62. gr. h.)

Skilyrði fyrir viðbótarstuðningi við fréttapjónustu í almannapágu á landsvísu.

Skilyrði fyrir viðbótarstuðningi vegna fréttapjónustu í almannapágu á landsvísu eru eftirfarandi:

1. Rekstrarkostnaður er stuðningshæfur, sbr. 62. gr. i. og uppfyllt eru önnur skilyrði fyrir almennum rekstrarstuðningi, sbr. 62. gr. g.
2. Fjölmiðill sinnir daglegri fréttapjónustu í almannapágu á landsvísu.
3. Efnistöð fjölmiðils eru fjölbreytt og með breiða og almenna skírskotun en ekki bundin við afmörkuð svið samfélagsins.
4. Ritstjórnarefni fjölmiðils skal vera að lágmarki 50% efnis á móti auglýsingum og a.m.k. 25% ritstjórnarefnis skal vera efni sem er frumunnið á ritstjórn.
5. Efni fjölmiðils er miðlað eftir fjölbreyttum miðlunarleiðum, t.d. á formi texta og útvarps eða texta og sjónvarps.
6. Á ritstjórn fjölmiðils starfa að lágmarki 25 blaðamenn, blaðaljósmyndarar og myndatökumenn, í fullu starfi við að afla og miðla efni og ritstjórn hefur viðbragðsgetu allan sólarhringinn.
7. Fjölmiðill sinni kosningaumfjöllun á landsvísu. Í því felst að kynna framboð til alþingiskosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Í því felst einnig að fjölmiðill veitir öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, tækifæri til að kynna stefnumál sín.

f. (62. gr. i.)

Stuðningshæfur rekstrarkostnaður.

Eftirfarandi kostnaðarliðir falla undir stuðningshæfan rekstrarkostnað samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt:

- a. Beinn launakostnaður starfsfólks á ritstjórnnum fjölmiðla sem fellur til við að afla og miðla fréttum og fréttatengdu efni: starfa við blaða- og fréttamennsku, ritstjórn og aðstoðarritstjórn, myndatöku og ljósmyndun, myndstjórn, upptökustjórn, myndvinnslu, hljóðvinnslu, grafíska hönnun, umbrot, vefforritun og prófarkalestur.
- b. Beinar verktakagreiðslur til aðila skv. a-lið sem falla til við að afla og miðla fréttum og fréttatengdu efni.

g. (62. gr. j.)

Útreikningur og hámark rekstrarstuðnings.

Rekstrarstuðningur skal að hámarki vera 25% af stuðningshæfum rekstrarkostnaði umsækjanda, sbr. 62. gr. i. Stuðningur til hvers umsækjanda getur þó ekki orðið hærri en sem nemur 22% af fjárveitingu til verkefnisins.

Staðbundnir fjölmiðlar utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem efnisskírskotun er staðbundin og efni höfðar aðallega til notenda sem tengsl hafa við útbreiðslusvæði miðils, hljóta 20% álag á fjárhæð styrks skv. 1. mgr.

Hafi umsækjandi hlotið styrk frá opinberum aðilum vegna efnis skv. 62. gr. d, sbr. 1. mgr. 62. gr. g, dregst sá styrkur frá þeirri fjárhæð sem telst stuðningshæfur kostnaður skv. 62. gr. i. Þó skal ekki draga stuðning samkvæmt aðgerð í byggðaaætlun stjórnvalda um eflingu fjölmiðlunar í héraði frá þeirri fjárhæð sem telst til endurgreiðsluhæfs kostnaðar.

Fari heildarfjárhæð samþykktra umsókna um stuðningshæfan rekstrarkostnað, að teknu tilliti til takmarkana skv. 1. mgr., umfram fjárveitingu til verkefnisins skerðist stuðningur til allra umsækjenda í jöfnum hlutföllum. Verði heildarfjárhæð samþykktra umsókna um stuðningshæfan rekstrarkostnað lægri en fjárveiting til verkefnisins skiptast afgangsfjármunir milli umsækjenda í réttum hlutföllum við kostnað þeirra. Þannig ræður umfang og fjöldi umsókna því hvernig stuðningur dreifist endanlega á milli fjölmiðla.

Telji úthlutunarnefnd að fjölmiðill uppfylli skilyrði fyrir rekstrarstuðningi skal hún ákvarða fjárhæð stuðnings en ella skal umsókn hafnað. Reynist umsóknir innihalda kostnaðarliði sem nefndin fellst ekki á að séu stuðningshæfir samkvæmt 62. gr. i er nefndinni heimilt að lækka umsóknarfjárhæð sem þeim kostnaðarliðum nemur.

Berist umsókn um rekstrarstuðning eftir að umsóknarfrestur rennur út skal vísa henni frá. Heimilt er þó að taka umsókn til meðferðar hafi hún borist að þessum fresti liðnum ef gildar ástæður eru fyrir töfnni. Úthlutunarnefnd metur í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

Fjárveiting til viðbótarstuðnings við fjölmiðla sem sinna fréttapjónustu á landsvísu í almannabágu skiptist í jöfnum hlutföllum á milli umsækjanda sem uppfylla skilyrði 62. gr. h.

Stjórn eða framkvæmdastjóri fjölmiðils skal staðfesta að upplýsingar og gögn vegna umsóknar séu í samræmi við ákvæði laga þessara. Berist nefndinni ekki fullnægjandi gögn að loknum veittum fresti eða bendi gögn málsins til þess að kostnaðaruppgjör sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara skal hún hafna beiðni um rekstrarstuðning.

Ákvarðanir úthlutunarnefndar samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

h. (62. gr. k.)

Endurupptaka ákvörðunar

Komi í ljós að rekstrarstuðningur við umsækjanda hafi verið of hár er úthlutunarnefnd heimilt að hlutast til um að fyrri ákvörðun verði tekin upp. Við meðferð slíkra mála skal úthlutunarnefnd afla nauðsynlegra gagna og gefa aðilum kost á andmælum áður en ákvörðun er tekin. Leiði endurákvörðun til breytinga á fjárhæð endurgreiðslu til lækkunar skal umsækjandi endurgreiða ríkissjóði mismuninn innan tíu daga frá því að tilkynnt er um ákvörðunina, með vöxtum í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af peningakröfum. Úthlutunarnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu annarra umsókna sama umsækjanda þar til niðurstaða er fengin um hvort til endurákvörðunar kemur. Heimild til endurupptöku samkvæmt þessu ákvæði fellur niður að liðnum fjórum árum frá upphaflegri ákvörðun úthlutunarnefndar.

2. gr.

2. mgr. 64. gr. laganna orðast svo:
Ákvæði X. kafla B falla úr gildi 1. janúar 2031.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var unnið í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu og felur í sér að stuðningur við einkarekna fjölmiðla verði festur í sessi til fimm ára. Lagt er til að stuðningskerfi byggist í meginatriðum á eldra stuðningskerfi við einkarekna fjölmiðla, sem verið hefur við lýði frá 2021, en skerpt verði á einstaka skilyrðum. Breytingarnar eru lagðar til að höfðu samráði við m.a. fjölmiðla, Bláðamannafélag Íslands og úthlutunarnefnd um stuðning við einkarekna fjölmiðla. Þá felur frumvarpið í sér að veittur verði viðbótarstuðningur til fjölmiðla sem sinna daglegri fréttabjónustu í almannabágu um allt land og uppfylla sértæk skilyrði, m.a. um fjölda starfsmanna, fjölbreytt efnistöð með almenna og breiða skírskotun, kosningaumfjöllun á landsvísi og viðbragðsgetu allan sólarhringinn.

Frumvarpsdrög voru unnin á grundvelli aðgerðaáætlunar fyrir fjölmiðla frá 19. desember 2025. Við vinnslu þess var höfð hliðsjón af athugasemdum fjölmiðla, Bláðamannafélags Íslands o.fl. sem fram komu á samráðsfundum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins í október, nóvember og desember 2025. Einnig var tekið mið af tillögum tveggja vinnuhópa ráðuneytisins 2025 og umsögnum útgefenda fjölmiðla o.fl. sem fram hafa komið í samráði um fjölmiðlafrumvörp fyrri ára. Þá var höfð hliðsjón af norrænum stuðningskerfum við einkarekna fjölmiðla, niðurstöðum Lausnamóts Bláðamannafélags Íslands um framtíð fjölmiðla og blaðamennsku 2025 og athugasemdum í greinargerðum úthlutunarnefndar 2022-2025.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Tilefni stuðnings til einkarekinna fjölmiðla má rekja til þeirra breytinga sem orðið hafa á umhverfi fjölmiðla á síðustu árum með tilkomu nýrrar tækni og alþjóðlegrar samkeppni, sem haft hefur neikvæð áhrif á möguleika innlendra fjölmiðla til tekjuöflunar. Talið er að um helmingur innlends auglýsingafjár renni til erlendra miðla á ári hverju en erlendir samfélagsmiðlar geta í krafti stærðar sinnar boðið auglýsingar á lægra verði en innlendir fjölmiðlar. Erlendar streymisveitur njóta sömuleiðis góðs af aðgengi að stærri mörkuðum og geta boðið lægri áskriftargjöld en innlendir miðlar. Markaðshlutdeild erlendra streymisveitna hér á landi hefur farið vaxandi á síðustu árum og kannanir sýna að um 70% heimila á Íslandi hafa aðgang að erlendu streymisveitunni Netflix.

Nútímasamfélag einkennist af nýrri tækni, nýjum miðlum og fjölbreyttum leiðum til að nálgast fréttir og afþreyingu. Fjölmiðlaefni í formi lifandi myndskreiða nýtur vaxandi vinsælda og efni frá áhrifavöldum virðist í mörgum tilfellum eiga greiðari leið til ungs fólks en efni hefðbundinna fjölmiðla. Á sama tíma hefur færst í aukana að fólk afli sér upplýsinga með aðstoð gervigreindar, sem dregið hefur úr umferð inn á hefðbundna fréttamiðla og þar með úr

tekjumöguleikum þeirra. Sama þróun á sér stað um allan heim þar sem hefðbundnir fjölmiðlar standa frammi fyrir samkeppni við stór alþjóðleg tæknifyrirtæki og streymisveitur en einnig smærri miðla, skoðanahlaðvörp og áhrifavalda sem keppa við fjölmiðla um áskriftir, auglýsingar og athygli fólks.

Breytt fjölmiðlanotkun endurspeglar m.a. í því að þrír af hverjum fjórum Íslendingum nota erlenda samfélagsmiðla til að nálgast innlendar fréttir og níu af hverjum tíu nota Facebook á hverjum degi. Einungis 15% Íslendinga lýsa sig reiðubúna að greiða áskriftargjöld fyrir fréttabjónustu, samkvæmt könnun Maskínu frá mars 2024, á meðan hlutfall þeirra sem greiða fyrir fréttabjónustu er hæst í Noregi eða 42%, samkvæmt samanburðarskýrslu Reuters Institute fyrir árið 2025.

Þessar breytingar eru á meðal þess sem veikt hefur rekstrargrundvöll fjölmiðla. Margir innlendir fjölmiðlar hafa hætt starfsemi, sameinast eða dregið úr umfangi og útgáfutíðni fréttabjónustu. Sem dæmi má nefna að Fréttablaðið, Hringbraut og N4 hurfu af markaði árið 2023 og sama ár var tilkynnt um sameiningu Stundarinnar og Kjarnans með stofnun Heimildarinnar. Þá hætti fréttastofa Stöðvar 2 að senda út sjónvarpsfréttir um helgar árið 2025. Önnur afleiðing óstöðugs rekstrarumhverfis fjölmiðla er að reyndir blaða- og fréttamenn hafa horfið úr blaðamannastétt og haldið til annarra starfa.

Til að bregðast við þessari þróun og styðja við lýðræðishlutverk einkarekinna fjölmiðla var almennt stuðningskerfi við einkarekna fjölmiðla lögfest hér á landi 1. janúar 2021 að norrænni fyrirmynd. Ári áður hafði sérstökum stuðningi til einkarekinna fjölmiðla verið úthlutað vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Almenna stuðningskerfið var framlengt 2023 og síðar framlengt aftur til eins árs í október 2025. Frumvarp sama efnis hafði áður verið lagt fram í mars 2025 en ekki náð fram að ganga. Ákvæði laga um stuðning við einkarekna fjölmiðla féllu úr gildi 1. janúar 2026 og hafði endurskoðun eða framlenging stuðningskerfisins þá verið boðuð af hálfu menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

Vorið 2025 setti ráðherra á fót vinnuhóp innan ráðuneytisins sem fékk það hlutverk að taka umhverfi fjölmiðla til heildarendurskoðunar, með áherslu á einkarekna fjölmiðla. Hópurinn lagði upp með að greina stuðningsaðgerðir stjórnvalda á Norðurlöndunum á sviði fjölmiðla, kanna mögulegar breytingar á stuðningskerfinu hér á landi og greina tillögur og athugasemdir sem gerðar höfðu verið af umsýslu- og hagaðilum við fyrirkomulag stuðnings síðustu ára. Lagði hópurinn fram tillögur um útfærslur endurskoðaðs stuðningskerfis, þar á meðal tillögu um að framlengja gildandi stuðningskerfi til fimm ára með breyttum skilyrðum.

Haustið 2025 fól menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra öðrum vinnuhópi innan ráðuneytisins að kortleggja frekari aðgerðir til að styrkja starfsumhverfi fjölmiðla á Íslandi. Af því tilefni var boðað til viðtæks samráðs við innlenda fjölmiðla. Hópurinn tók saman fyrirliggjandi gögn og tillögur sem fram hafa komið á síðustu árum og hélt samráðsfundi með ritstjórum og útgefendum stærstu fjölmiðla landsins, auk smærri miðla, annarra hagaðila og þeirra sem óskuðu eftir fundum með hópnum. Afrakstur þeirrar vinnu var aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla sem kynnt var 19. desember 2025 undir yfirskriftinni *Breyttir tímar kalla á breytta nálgun*. Á meðal tæplega 20 aðgerða í aðgerðaáætluninni er aðgerð um hækkun almenns stuðnings við einkarekna fjölmiðla og aðgerð um aukinn stuðning við almannaþjónustu fjölmiðla. Frumvarp þetta miðar að því að koma þessum tveimur aðgerðum til framkvæmda.

Á síðustu árum hafa fjölmargar leiðir í átt að markmiðinu um sterkara fjölmiðlaumhverfi verið kannaðar innan ráðuneytisins. Stuðningskerfi við einkarekna fjölmiðla og aukin áhersla á fjölmiðla sem sinna fjölbreyttri, daglegri fréttabjónustu á landsvísi eru þær leiðir sem taldar eru best til þess fallnar að styrkja fjölmiðlaumhverfið á Íslandi, ásamt öðrum aðgerðum í

aðgerðaáætlun um málefni fjölmiðla frá desember 2025. Aðrar leiðir voru teknar til gaumgæfilegrar skoðunar, t.d. breytingar á skattaumhverfi fjölmiðla og regluverki um auglýsingar, en ekki verður ráðist þær í að svo stöddu. Einnig má nefna tillögu úthlutunarnefndar að breyttu stuðningskerfi, þar sem lagt var til að fjölmiðlum yrði skipt í fjóra stærðarflokka eftir heildartekjum þeirra á ársgrundvelli og skilgreindum upphæðum skipt jafnt á milli fjölmiðla innan hvers flokks. Tillagan var rýnd en ekki þótti æskilegt að rjúfa þá tengingu við blaða- og fréttamennsku sem núverandi fyrirkomulag byggir á, auk þess sem tillagan hefði leitt til nokkurra sveiflna í styrkjum til fjölmiðla miðað við fyrri ár. Þess í stað var ákveðið að framlengja núverandi stuðningskerfi en skerpa á einstaka skilyrðum og festa stuðninginn í sessi til fimm ára. Þá var ákveðið að leggja til nýjan viðbótarstuðning við fréttamiðla sem uppfylla sértæk skilyrði og sinna fjölbreyttri, daglegri fréttabjónustu í almannabágu á landsvísi.

Mat ráðuneytisins á stuðningi við einkarekna fjölmiðla frá lögfestingu hans 2021 gefur til kynna að stuðningurinn hafi nýst þeim vel. Á samráðsfundum með fjölmiðlum í október-desember 2025 nefndu fulltrúar fjölmiðla um að stuðningurinn hafi orðið til þess að unnt hafi verið að auka starfshlutfall blaðamanna, ráða inn nýja blaðamenn, uppfæra starfsaðstöðu og koma í veg fyrir uppsagnir.

Viðhorf almennings til stuðnings við einkarekna fjölmiðla var greint með spurningavagni Maskínu í mars 2025. Niðurstöðurnar sýndu að alls 71,4% svarenda voru hlynnt áframhaldandi stuðningi ríkisins við einkarekna fjölmiðla. Þar af töldu 31,2% svarenda að ríkið ætti að styðja meira við einkarekna fjölmiðla og 40,2% töldu að stuðningur ætti að vera áfram óbreyttur. Tæpur þriðjungur svarenda var ekki hlynntur stuðningnum í núverandi mynd, þar af voru 13,9% þeirrar skoðunar að ríkið ætti að styðja minna við einkarekna fjölmiðla og 14,7% töldu að ríkið ætti að hætta stuðningi við einkarekna fjölmiðla.

Í skýrslu úthlutunarnefndar til ráðuneytisins frá 20. nóvember 2024 kemur fram það mat úthlutunarnefndar að gildandi stuðningskerfi hafi í meginatriðum virkað og telji nefndin að áfram eigi að styðja við rekstur einkarekinna fjölmiðla. Í skýrslu nefndarinnar er vísað til þess að rekstrarumhverfi fjölmiðla verði sífellt erfiðara, m.a. vegna samkeppni við samfélagsmiðla og erlenda fjölmiðla. Á sama tíma verði hlutverk þeirra sífellt mikilvægara í lýðræðissamfélagi á tímum upplýsingaóreiðu og ýmissa lýðræðisógnna. Greinargerðir styrkþega til úthlutunarnefndar, um ráðstöfun styrkfjár undanfarinna ára, sýni að stuðningurinn skipti verulegu máli fyrir rekstur og afkomu fjölmiðla.

Á tímum gervigreindar, djúpfalsana og upplýsingaóreiðu eru íslenskir fjölmiðlar mikilvægur vettvangur fyrir lýðræðislega samfélagsumræðu. Markviss stefna og aðgerðir stjórnvalda í málefnum fjölmiðla eru veigamikill þáttur í því að efla fjölbreytni og fjölraði á fjölmiðlamarkaði en það eru grunnforsendur þess að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum og áreiðanlegum fréttum sem endurspeglar ólík sjónarmið. Með fjölbreytni er m.a. átt við að hér á landi starfi ólíkar tegundir fjölmiðla og að efnistöð fjölmiðla séu fjölbreytt. Með fjölraði er vísað til þess að fjölmiðlar séu í eigu ólíkra aðila.

Margt bendir til þess að brottfall stuðnings við einkarekna fjölmiðla gæti ýtt enn frekar undir neikvæða þróun á rekstrarumhverfi fjölmiðla, leitt til frekari samþjöppunar og fákeppni á fjölmiðlamarkaði, almenningi til tjóns.

Markmið frumvarpsins er að styðja við ritstjórnir einkarekinna íslenskra fjölmiðla sem gegna lýðræðishlutverki. Stuðningur stjórnvalda miðar jafnframt að því að efla læsi og treysta stöðu íslenskrar tungu. Frumvarpið er liður í heildstæðri fjölmiðlastefnu og framtíðarsýn stjórnvalda á sviði fjölmiðla, sem er að fólk hafi greiðan aðgang að fjölbreyttum, ábyrgum og sjálfstæðum fjölmiðlum sem miðla fréttum, samfélagsumræðu og menningu og efla

lýðræðislega umræðu. Öll hafi jafna möguleika á þátttöku í lýðræðislegri umræðu þar sem tjáningarfrelsi er virt.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stuðningskerfi um stuðning við einkarekna fjölmiðla, sem verið hefur við lýði frá 2021, verði fest í sessi til fimm ára. Með því vilja stjórnvöld auka fyrir sjáanleika í rekstri íslenskra fjölmiðla til nánustu framtíðar. Stuðningur verði hækkaður og skerpt á einstaka skilyrðum, með því að við lög um fjölmiðla nr. 38/2011 bætist nýr kafli, X. kafli B. Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau að veittur verði viðbótarstuðningur til fjölmiðla sem uppfylla sértæk skilyrði og talist geta sinna almennri fréttapjónustu á landsvísu í almannapágu.

3.1. Helstu breytingar á skilyrðum fyrir almennum rekstrarstuðningi

Lagt er til að útgreiðslu almenns rekstrarstuðnings til einkarekinna fjölmiðla verði flýtt og að umsóknarfrestur verði fyrr á árinu en verið hefur. Með þessu er komið til móts við athugasemdir útgefenda fjölmiðla á samráðsfundum ráðuneytisins með fjölmiðlum árið 2025.

Lagt er til að rekstrarstuðningur takmarkist sem fyrr við kostnað vegna vinnslu og miðlun fréttar og fréttatengds efnis, þ.e. blaða- og fréttamennsku og tengdra starfa, á ritstjórnnum fjölmiðla. Um leið eru lagðar til breytingar að tillögu úthlutunarnefndar sem eru að nokkru leyti í samræmi við athugasemdir sem komið hafa fram á samráðsfundum með fjölmiðlum. Breytingarnar fela í sér að fleiri störfum á fréttaritstjórnnum fjölmiðla hefur verið bætt við í upptalningu ákvæðis 62. gr. i til að koma til móts við fjölmiðla sem miðla efni með öðrum hætti en á prenti. Ekki er þó lagt til að allur kostnaður við rekstur fjölmiðla teljist stuðningshæfur rekstrarkostnaður. Með því að fjölga þeim störfum sem teljast stuðningshæf er áhersla lögð á að styðja áfram við kjarnastarfsemi fjölmiðla, sem er blaða- og fréttamennska á fréttaritstjórnnum fjölmiðla.

3.2. Viðbótarstuðningur við fjölmiðla sem sinna daglegri fréttapjónustu á landsvísu

Lagt er til að veittur verði viðbótarstuðningur til fjölmiðla sem uppfylla sérstæk skilyrði, þar á meðal um að sinna daglegri fréttapjónustu á landsvísu, sem talist getur til almennrar fréttapjónustu í almannapágu um allt land. Litið verði til sömu skilgreininga og við framkvæmd almenna stuðningskerfisins en gerðar verði ríkari kröfur um m.a. tiltekinn fjölda blaðamanna á fréttaritstjórn og viðbragðsgetu allan sólarhringinn, daglega fréttamiðlun á landsvísu, fjölbreytt efnistöð með almenna og breiða skírskotun, fjölbreytt miðlunarform, kosningaumfjöllun á landsvísu, lágmarkshlutfall ritstjórnarefnis á móti auglýsingum og lágmarkshlutfall frumunnins ritstjórnarefnis. Gert er ráð fyrir að viðbótarstuðningurinn skiptist jafnt á milli útgefenda þeirra fjölmiðla sem uppfylla skilyrðin.

Skilyrðin eru annars vegar sett fram með það að markmiði að ritstjórnir fjölmiðla sem hljóti viðbótarstuðning hafi nægilegt umfang og burði til að veita almenna, daglega og landsdekkandi fréttapjónustu í almannapágu, og hins vegar að þau skapi hvata fyrir aðra útgefendur fjölmiðla til að þróa fréttapjónustu sína þannig að þeir uppfylli skilyrðin í framtíðinni.

Á Norðurlöndum eru fordæmi fyrir sérstökum ríkisstuðningi við einkarekna fjölmiðla sem sinna fjölmiðlun í almannapágu og uppfylla skýrt skilgreindar kröfur um þá þjónustu, sbr. þjónustusamning norskra stjórnvalda við einkareknu sjónvarpsstöðina TV2 í Noregi, sem nánar er fjallað um í kafla 3.3.3.

3.3. Norðurlönd

Á hinum Norðurlöndunum hafa styrkir til einkarekinna fjölmiðla verið veittir um áratugaskeið, í mismunandi útfærslum. Litið er svo á að ríkið hafi jákvæða skyldu til að styrkja tjáningarfrelsi með því að styrkja fjölmiðla sem gegna lýðræðishlutverki, miðla fréttum og eru vettvangur lýðræðislegrar umræðu. Þar sem slíkur stuðningur er til staðar samhliða öflugum almanna fjölmiðlum skora tjáningarfrelsi og fjölmiðlafrelsi hæst í alþjóðlegum samanburði, sem og aðrir mælikvarðar um styrk lýðræðis.

3.3.1. Danmörk

Reglugerð um fjölmiðlastuðning (d. Bekendtgørelse om mediestøtte) frá 5. febrúar 2024, inniheldur reglur um almennt stuðningskerfi við einkarekna fjölmiðla í Danmörku. Markmið stuðningskerfisins er að efla framleiðslu vandaðra fréttar og fréttatengds efnis í Danmörku og stuðla þannig að upplýstri lýðræðislegri umræðu þar sem mörg ólík sjónarhorn koma fram.

Stuðningur við fjölmiðla tekur mið af kostnaði við framleiðslu ritstjórnarefnis. Áhersla er lögð á stuðning við ritstjórnir prent- og vefmiðla; dagblaða, vikublaða og tiltekinn tímarita, sem miðla fréttum og fréttatengdu efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni á textaformi. Hljóð- og myndmiðlar geta hlotið stuðning ef að lágmarki þriðjungur ritstjórnarefnis þeirra er á textaformi með sjálfstætt gildi. Sem dæmi telst sjálfvirk textun myndbanda og hlaðvarpsþátta með gervigreindartækni ekki til textaefnis með sjálfstætt gildi í þessu samhengi.

Stuðningur við tímarit var nýmæli þegar hann var tekinn upp og einskorðast við tímarit sem birta ritstýrðar greinar um málefni sem varða samfélagið í heild, hafa skýrt lýðræðislegt og menningarlegt hlutverk, sambærilegt hlutverki fréttamiðla, en birta dýpri og lengri fréttaskýringar og hafa að markmiði að stuðla að upplýstri, lýðræðislegri umræðu.

Fjölmiðlar verða að uppfylla tiltekin skilyrði sem lúta m.a. að fjölbreyttum og almennum efnistöfum, hlutfalli ritstjórnarefnis á móti auglýsingum, fjölda stöðugilda á ritstjórn og umfangi og samsetningu ritstjórnarlegs kostnaðar. Gerðar eru kröfur um að ritstjórnarefni sé að lágmarki helmingur efnis á móti auglýsingum og þarf a.m.k. sjöttungur (1/6) ritstjórnarefnis að vera sjálfstætt unnið, þ.e. unnið sérstaklega fyrir viðkomandi fjölmiðil. Þá er gerð krafa um að stöðugildi á fjölmiðli séu að lágmarki þrjú á ársgrundvelli.

Fjárhæðir taka mið af fjárveitingu til stuðningskerfisins á ári hverju og getur stuðningur við hvern og einn fjölmiðil að hámarki orðið 35% af ritstjórnarlegum kostnaði eða 12,5 m. DKK á ári (243,5 milljón ísl. kr.). Sérstök áhersla er lögð á stuðning við staðbundna miðla og geta þeir fengið hærri fjárhæð eða allt að 18,5 m. DKK á ári (360,38 millj. ísl. kr.) að teknu tilliti til 35% reglunnar. Ef um er að ræða fjölmiðlasamstæður getur samstæðan í heild ekki hlotið hærri styrk en sem nemur 90 m. DKK á ári (um 1,75 ma. ísl. kr.).

Danska fjölmiðlanefndin (d. Medienævnet) tekur ákvörðun um úthlutun einu sinni á ári en skrifstofa dönsku fjölmiðlastofnunarinnar (d. Slots- og kulturstyrelsen) annast umsýslu. Upplýsingar um alla umsækjendur og fjölmiðla sem hljóta stuðning eru birtar opinberlega.

Til viðbótar við almennt stuðningskerfi geta danskir fjölmiðlar sótt um verkefnastyrki úr nýsköpunar- og þróunarsjóði og sérstaka endurreisnarstyrki fyrir fjölmiðla í fjárhagserfiðleikum.

Í október 2025 voru kynntar nýjar tillögur nefndar um framtíð fjölmiðlastuðnings í Danmörku. Þar leggur nefndin til að stuðningskerfið verði einfaldað með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á framleiðslu fjölmiðlaefnis, miðlunarformi og notkun fjölmiðla. Lagt er til að stuðningur við einkarekna fjölmiðla verði tæknihlutlaus og óháður

miðlunarformi, þ.e. því hvort fjölmiðlun er í formi texta, hljóðs, grafískrar miðlunar, ljósmynda eða myndbanda og sjónvarpsefnis. Til viðbótar við almennt stuðningskerfi er lagt til að stuðningur við nýsköpun í fjölmiðlun verði aukinn.

3.3.2. Svíþjóð

Í Svíþjóð voru gerðar breytingar á styrkjum til fjölmiðla í byrjun árs 2024. Markmið stuðningsins er að efla lýðræði með því að auka aðgengi almennings að vandaðri og óháðri fréttamennsku. Breytingarnar miða að því að auka aðgengi að héraðs- og fréttamiðlum um land allt og stuðla að fjölbreyttum og vönduðum frétttaflutningi. Gerðar eru kröfur um að ritstjórnarefni fjölmiðla endurspegli gæði og vandaða blaðamennsku en engin viðmið er að finna í lögunum sjálfum um hvað það felur í sér. Meðal skilyrða sem uppfylla þarf til að hljóta styrk er að efni fjölmiðils fari ekki verulega í bága við lýðræðisleg grundvallargildi. Þá er unnið að því að stuðningskerfið í Svíþjóð verði í auknum mæli óháð tæknilegum dreifileiðum fjölmiðla.

3.3.3. Noregur

Löng hefð er fyrir ríkisstyrkjum til fjölmiðla í Noregi en þar hafa styrkir til einkarekinna fjölmiðla verið veittir frá árinu 1960. Áður runnu styrkir til einkarekinna dagblaða á prenti og dreifingar þeirra en almenna stuðningskerfið hefur verið hlutlausara gagnvart miðlunarleiðum fjölmiðla frá 2014. Stuðningurinn er margþættur og felst bæði í beinum og óbeinum fjárhagslegum stuðningi. Markmið með stuðningnum sbr. fjölmiðlastefnu norskra stjórnvalda, er að stuðla að fjölbreyttu fjölmiðlaumhverfi, efla tjáningarfrelsi og styrkja lýðræðislegt hlutverk fjölmiðla í Noregi.

Almenna stuðningskerfið styður við rekstur einkarekinna vef- og prentmiðla sem miðla fréttum og fréttatengdu efni. Skilyrði er að um sé að ræða áskriftarmiðla og að miðlun fari fram á textaformi. Frímiðlar og hljóð- og myndmiðlar eiga ekki rétt á almennum rekstrarstuðning, að undanskildum staðbundnum hljóð- og myndmiðlum. Mest áhersla er lögð á að styðja við fjölmiðla sem ekki teljast stærstir á markaði, svokallaða „númer-tvö fjölmiðla“ og staðbundna fjölmiðla. Stærð á markaði er skilgreind út frá fjölda áskrifta á viðkomandi fjölmiðlamarkaði, hvort sem markaður er staðbundinn eða tekur til landsins alls. Markmið með stuðningi við „númer-tvö-miðla“ er að styrkja samkeppni og þar með fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og stuðla þar með að því að almenningur hafi aðgang að fleiri en einu sjónarhorni á fréttir líðandi stundar. Fjölmiðlar sem skila hagnaði yfir ákveðnu marki hljóti ekki styrk. Þá getur hver og einn fjölmiðill eingöngu fengið styrk upp að ákveðnu hámarki.

Auk almenns rekstrarstuðnings er í boði sértækur stuðningur við fjölmiðla af ýmsum toga í Noregi: stuðningur við nýsköpun og þróun, stuðningur við samísk dagblöð og stuðningur við staðbundna fjölmiðla. Þá hljóta fjölmiðlar á tilteknum landsvæðum í Norður-Noregi tvöfaldan stuðning, m.a. með vísan til sjónarmiða um þjóðaröryggi, þar sem talið er að landfræðileg nálægð þessara landshluta við Rússland geri íbúa þeirra útsetta fyrir rússneskum upplýsingahernaði.

Þá fær einkarekna sjónvarpsstöðin TV2 ríkisstyrk vegna almannaþjónustuhlutverks sem er formlega skilgreint í þjónustusamningi TV2 og ríkisins um einkarekna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu. Gildandi þjónustusamningur við TV2 er gerður á grundvelli útboðs, þar sem TV2 var eini umsækjandinn, og felur í sér að norska ríkið endurgreiði TV2 nettókostnað við að sinna einkarekinni fjölmiðlun í almannaþágu um allt að 150 milljónir norskra króna á ári á samningstímabilinu 1. janúar 2024 til 31. desember 2028 (um 1,9 ma íslenskra kr.).

Gerðar eru ýmsar kröfur til TV2 samkvæmt samningnum, m.a. um efni, dreifingu á ólíkum miðlunarformum, staðsetningu ritsstjórnar utan höfuðborgarsvæðisins, staðsetningu fréttamanna víða á landsbyggðinni, daglega fréttatíma sem sendir eru út utan höfuðborgarsvæðisins, framleiðslu barnaefnis og fjárfestingu í framleiðslu á norskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Markmið norskra stjórnvalda með almannajónustusamningnum við TV2 er m.a. að viðhalda fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og tryggja raunverulega samkeppni við norska ríkisútvarpið NRK. Markmiðin grundvallast á því að fjölbreyttir fjölmiðlar tryggi aðgang almennings að áreiðanlegum upplýsingum og styðji við tjáningarfrelsi og lýðræði. Sérstök áhersla er lögð á daglega fréttatíma utan höfuðborgarsvæðisins og norskt efni sem endurspeglar tungumál, menningu og samfélag landsins.

Norska fjölmiðlanefndin (Medietilsynet) ákveður endanlega fjárhæð ríkisstuðnings, hefur eftirlit með því að skilyrðum samningsins sé fylgt og að bókhaldsleg aðgreining sé á milli kostnaðar við almannajónustu og annarrar starfsemi. TV 2 skilar árlegri skýrslu um framkvæmd verkefnisins og gögnum sem staðfesta að starfsemin sé í samræmi við jónustusamning.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið þykir ekki fela í sér álitafni sem kalla á sérstaka umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Efni þess felur í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þær breytingar sem felast í frumvarpinu, þar á meðal endurupptaka á styrkjakerfinu, ber að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) áður en þær koma til framkvæmda. ESA hefur verið upplýst um efni frumvarpsins og verður aflað endanlegs samþykkis stofnunarinnar áður en lögin taka gildi, verði frumvarpið samþykkt. Gildandi styrkjakerfi var samþykkt af ESA með ákvörðun nr. 206/21/COL, sbr. einnig ákvörðun ESA nr. 125/23/COL.

5. Samráð.

Endurskoðun stuðnings við einkarekna fjölmiðla hefur staðið yfir í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu, og forvera þess, menningar- og viðskiptaráðuneytinu, frá lögfestingu stuðningskerfisins árið 2021. Málið hefur nokkrum sinnum farið í opið samráð og margar gagnlegar ábendingar borist þar frá hagaðilum.

Helstu hagsmunaaðilar eru allir einkareknir fjölmiðlar hér á landi sem miðla fréttum og fréttatengdu efni. Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við fjölmiðla og fjölmiðlafólk, Bláamannafélag Íslands o.fl. Á tímabilinu október 2025 til janúar 2026 voru haldnir samráðsfundir með fjölmiðlum í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu, nánar tiltekið með fulltrúum Sýnar hf., Árvakurs hf., Símans hf., Mylluseturs ehf., Sameinaða útgáfufélagsins ehf., Fjölmiðlatorgsins ehf. og fulltrúum héraðsfréttamiðlanna Austurfréttar, Eyjar.net, Víkurfrétta og Skessuhorns. Þá var rætt við fulltrúa Gímaldsins ehf., Fótbolta ehf., Birtings útgáfufélags ehf., Fröken ehf., útgefanda Reykjavík Grapevine, o.fl. Á samráðsfundum með fjölmiðlum komu fram margar gagnlegar ábendingar, þar sem m.a. var kallað eftir því að stuðningurinn yrði festur í sessi sem fyrst til þess að skapa stöðugleika og fyrirsjáanleika fyrir rekstur fjölmiðla. Einnig nefndu flestir fjölmiðlar að mikilvægt væri að stuðningur yrði greiddur út fyrr á árinu en verið hefði.

Frumvarpið verður birt í Samráðsgátt Stjórnvalda og gert er ráð fyrir því að efnisatriði frumvarpsins verði einnig borin undir fjölmiðlanefnd og úthlutunarnefnd.

6. Mat á áhrifum.

Stuðningur við einkarekna fjölmiðla gerir þeim kleift að halda áfram að miðla fréttum og fréttatengdu efni til neytenda sem og að skapa vettvang fyrir lýðræðislega umræðu í íslensku samfélagi. Framangreint stuðlar að því að standa vörð um öfluga og vandaða blaðamennsku til að almenningur á Íslandi hafi áfram aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum og upplýsingum sem varða almannahagsmuni.

Ætla má að áframhaldandi stuðningur hafi jákvæð áhrif á einkarekna fjölmiðla sé litið til þeirra landa sem fyrirmynd kerfisins er sótt til. Ísland skipar 17. sæti lista alþjóðasamtakanna Bláamenn án landamæra yfir fjölmiðlafrelsi í heiminum, en Noregur, Eistland, Holland, Svíþjóð, Finnland og Danmörk raða sér í efstu sex sæti listans. Á meðal þess sem talið er hafa neikvæð áhrif á frelsi fjölmiðla hér á landi er smæð íslensks fjölmiðlamarkaðar og rekstrarstaða einkarekinna fjölmiðla í alþjóðlegu fjölmiðlaumhverfi.

Ekki er fyrir séð að umsækjendur um stuðning eða umsýsluaðili þurfi langan tíma til aðlögunar þar sem breytingarnar eru ekki taldar þess eðlis.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að árlegur stuðningur til einkarekinna fjölmiðla verði festur í sessi til fimm ára og að veittur verði árlegur viðbótarstuðningur til einkarekinna fjölmiðla sem sinna daglegri fréttapjónustu í almannapágu á landsvísi. Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það áhrif til hækkunar á áætluðum fjárheimildum á málefnasviðinu 19 Fjölmiðlun frá og með 2027. Útgjöld miðast við framlag úr ríkissjóði í samræmi við fjárlög hvers árs.

Mat á jafnrétti kynja og persónuvernd

Í niðurstöðu mats um áhrif á jafnrétti kynja kemur fram að kyngreind tölfraði um stöðu kynja, meðal þeirra sem starfa á fjölmiðlum eða birtast í fjölmiðlum, hafi ekki verið unnin fyrir einkarekna fjölmiðla og í þessu frumvarpi eru ekki gerðar kröfur er varða jafnrétti kynja sem forsendur fyrir stuðningi. Frumvarpið hefur ekki áhrif á persónuvernd.

Frumvarpinu er ætlað að styrkja og bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla með það að markmiði að tryggja að fólk hafi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum sem miðla fréttum á íslensku. Með því vilja stjórnvöld stuðla að því að efla lýðræði og hvetja fólk til þátttöku í lýðræðislegri umræðu. Þar við bætist að fjölmiðlar leggja sitt af mörkum til að efla íslenska menningu og íslenska tungu. Áhrifin snúa fyrst og fremst að útgjöldum ríkissjóðs eins og fyrr greinir en ef stuðningur ríkisins við fjölmiðla skilar sér t.d. í auknum umsvifum og fjölgun starfsmanna má gera ráð fyrir auknum skatttekjum ríkissjóðs.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið (62. gr. d).

Ákvæðið fjallar um markmið frumvarpsins. Ákvæðið er sambærilegt markmiðsákvæðum fyrri laga um stuðning við einkarekna fjölmiðla en skerpt hefur verið á orðalagi til að endurspegla að markmið frumvarpsins séu efla ritstjórnir einkarekinna fjölmiðla sem sinna fréttapjónustu í því skyni að styrkja lýðræði og lýðræðislega umræðu á Íslandi og auk þess að

efla læsi og treysta stöðu íslenskrar tungu. Til að ná því markmiði er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita fjölmiðlum árlegan fjárhagsstuðning til fimm ára sem taki mið af hluta kostnaðar við að vinna fréttir og fréttatengt efni.

Sú leið að styrkja einkarekna fjölmiðla um fjárhæð sem nemur hluta þess kostnaðar sem fellur til við að afla og miðla fréttum, fréttatengdu efni o.fl. er ekki aðeins hugsuð sem stuðningur við stærri fjölmiðla með sterkar ritstjórnir heldur jafnframt sem stuðningur við smærri miðla.

Gert er ráð fyrir því að stuðningur til einkarekinna fjölmiðla verði til þess fallinn að styrkja lýðræði í landinu og hann skili sér í vönduðum frétttaflutningi og upplýstri umræðu. Hugað verði sérstaklega að staðbundnum miðlum sem gegna mikilvægu menningar- og lýðræðishlutverki í smærri byggðum. Þá sé sérstakur viðbótarstuðningur til þess fallinn að styrkja stærri fjölmiðla með sterkar fréttaritstjórnir sem hafa viðbragðsgetu allan sólarhringinn og gegna lýðræðis- og öryggishlutverki í samfélaginu.

Markmiðsákvæðinu er ætlað að undirstrika mikilvægi fjölmiðla fyrir lýðræðissamfélag. Markmiðsákvæði kaflans er nátengt markmiðsákvæði laganna en öflugt stuðningskerfi er einn þáttur í að tryggja fjölbreytni og fjölræði á markaðnum. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til Noregs. Einkareknir fjölmiðlar sem gegna lýðræðishlutverki og uppfylla skilyrði 62. gr. g. eiga þess kost að hljóta stuðning úr almenna stuðningskerfinu. Lagt er til að stjórnvöld styðji sérstaklega við einkarekna fjölmiðla sem sinna daglegri fréttarþjónustu í almannabágu um allt land og uppfylla ýmis sértæk skilyrði, sbr. umfjöllun um 62. gr. h.

Um b-lið (62. gr. e).

Í b-lið er fjallað um skipan úthlutunarnefndar. Þar kemur fram að ráðherra skipi þriggja manna úthlutunarnefnd samkvæmt tilnefningum Hæstaréttar Íslands, samstarfsnefndar háskólastigsins og einn samkvæmt tilnefningu Ríkisendurskoðunar og skal sá vera löggiltur endurskoðandi. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna og skal hann uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum, reynslu og menntun sem nýtist á þessu sviði.

Úthlutunarnefnd setur sér starfsreglur og gefur út skýrslu í lok skipunartímabilsins þar sem fram kemur mat á stuðningskerfinu á tímabilinu.

Skipan úthlutunarnefndar samkvæmt tilnefningum þriggja ólíkra aðila er í samræmi við skipan fjölmiðlanefndar og sambærilegrar danskrar úthlutunarnefndar. Um er að ræða sama fyrirkomulag við skipan nefndarinnar og fyrst var mælt fyrir um með lögum nr. 53/2023 en fyrir gildistöku þeirra laga höfðu allir fulltrúar í úthlutunarnefnd verið tilnefndir af ríkisendurskoðanda.

Um c-lið (62. gr. f).

Í 1. mgr. segir að úthlutunarnefnd auglýsi eftir umsóknum um rekstrarstuðning. Lagt er til að útgreiðslu almenns rekstrarstuðnings til einkarekinna fjölmiðla verði flýtt og að umsóknarfrestur verði fyrr á árinu en verið hefur. Skuli umsókn ásamt fylgigögnum berast samkvæmt umsóknarfresti sem mælt er fyrir um í reglugerð, þó eigi síðar en 1. júní ár hvert. Með því að færa umsóknarfrest framar á árið og flýta þar með útgreiðslu stuðnings er komið til móts við athugasemdir útgefenda fjölmiðla á samráðsfundum ráðuneytisins með fjölmiðlum árið 2025.

Ekki eru sett tímamörk um þann frest sem úthlutunarnefnd hefur til að taka ákvörðun um rekstrarstuðning en nefndin er bundin af málshraðareglu stjórnsýslulaga. Gert er ráð fyrir að

allar umsóknir verði afgreiddar í einu lagi, líkt og hefur verið undanfarin ár.

Jafnframt er kveðið er á um það í 1. mgr. að ef fjölmiðlaveita starfrækir fleiri en einn fjölmiðil sem uppfyllir skilyrði 62. gr. g skuli umsókn um rekstrarstuðning vera sameiginleg vegna þeirra.

Samkvæmt 2. mgr. skulu koma fram gögn með umsókn um stuðningshæfan rekstrarkostnað fjölmiðils á síðastliðnu ári, sbr. 62. gr. i, sem skal vera sundurliðaður. Upplýsingarnar skulu vera staðfestar af löggiltum endurskoðanda en gerð er undanþága frá því skilyrði vegna fjölmiðlaveitna með ársveltu undir 20 millj. kr. Í slíkum tilfellum er nægilegt að upplýsingarnar séu staðfestar af viðurkenndum bókara. Um skýringar á þessu ákvæði vísast að öðru leyti til skýringa við 62. gr. i.

Í 3. mgr. er lagt til að úthlutunarnefnd geti, í því skyni að sannreyna stuðningshæfan rekstrarkostnað, kallað eftir viðeigandi upplýsingum frá fjölmiðli.

Þá getur nefndin skv. 4. mgr. aflað álits sérfróðra einstaklinga, t.d. skattyfirvalda, sérfræðinga hjá Stjórnarráði Íslands eða annarra aðila. Tilvik sem gætu fallið hér undir væru t.d. ef reikningar væru óskýrir, ákveðinn kostnaðarliður hærri en almennt telst eðlilegt eða vafi léki á hvort skilyrði 62. gr. g væru uppfyllt o.s.frv.

Í 5. mgr. er kveðið á um að fjölmiðlanefnd skuli sjá um umsýslu umsókna og geti einnig veitt úthlutunarnefnd sérfræðiaðstoð eftir nánara samkomulagi Jafnframt er tekið fram að kostnaður við mat á umsóknum og annarri umsýslu skuli greiddur úr ríkissjóði og er þar nánar tiltekið vísað til fjárveitingar til málaflokksins innan fjárhagsramma málefnasviðs 19.

Um d-lið (62. gr. g).

Í greininni eru talin upp þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að einkarekinn fjölmiðill geti fengið rekstrarstuðning. Skilyrðin þurfa öll að vera uppfyllt og eru ófrávíkjanleg.

Í 1. tölul. er gert að skilyrði að um sé að ræða stuðningshæfan rekstrarkostnað, sbr. 62. gr. i.

Í 2. tölul. er gerð sú krafa að umsækjandi sé sá einstaklingur eða lögaðili sem starfræki fjölmiðil þegar umsókn berst úthlutunarnefnd. Fjölmiðill skuli jafnframt hafa starfað með leyfi eða skráningu frá fjölmiðlanefnd skv. IV. kafla óslitið í 12 mánuði eða lengur miðað við sömu dagsetningu, þ.e. þegar umsókn berst úthlutunarnefnd. Skerpt hefur verið á orðalagi töluliðsins, að tillögu úthlutunarnefndar, til að undirstrika að einungis fjölmiðlaveitur sem starfrækja einkarekna fjölmiðla, þegar umsókn berst nefndinni, eigi þess kost að sækja um rekstrarstuðning en ekki t.d. þrotabú fjölmiðla og fyrri eigendur ef nýir eigendur hafa tekið við rekstrinum eða útgáfu fjölmiðils hefur verið hætt.

Einnig er það gert að skilyrði að fjölmiðill hafi starfað með leyfi frá fjölmiðlanefnd, sbr. 17. gr. laganna, eða skráningu, sbr. 14. gr. laganna, óslitið í 12 mánuði eða lengur og er þar einnig miðað við dagsetningu umsókna. Þetta skilyrði er að norskri fyrirmynd. Áskilnaður í þessa veru er nauðsynlegur enda ekki unnt að meta hvort öll skilyrði fyrir rekstrarstuðningi séu uppfyllt fyrir en reynsla er komin á starfsemi fjölmiðils. Skv. 2. mgr. 10. gr. laganna annast fjölmiðlanefnd m.a. eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar og tryggir að lögboðnar upplýsingar um alla veitendur fjölmiðlaþjónustu séu til staðar. Þá skal fjölmiðlanefnd m.a. fylgjast með því að fjölmiðlaveitur fari að öðru leyti að fyrirmælum laganna og beita viðurlögum ef við á.

Í 3. tölul. er það skilyrði sett að á fjölmiðli skuli starfa a.m.k. þrír starfsmenn í fullu starfi við að afla og miðla efni en einn starfsmaður hjá staðbundnum fjölmiðli. Þetta skilyrði er að danskri fyrirmynd. Rétt þykir að hafa áskilnað um lágmarksfjölda starfsmanna á ritstjórn fjölmiðils en viðmiðin eru ekki þau sömu varðandi staðbundna fjölmiðla og aðra einkarekna

fjölmiðla. Varðandi þá síðarnefndu verður að telja eðlilegt að gera þá kröfu að fjölmiðlar hafi náð ákveðinni stærð til að hafa bolmagn til að sinna því lýðræðishlutverki sem er forsenda fyrir rekstrarstuðningi samkvæmt frumvarpinu. Því er miðað við að a.m.k. þrír starfsmenn séu í fullu starfi hjá fjölmiðli til þess að hann geti notið rekstrarstuðnings. Ekki er ástæða til að gera sömu kröfur varðandi staðbundnu miðlana sem eru gjarnan með fámennar ritstjórnir en sinna þó mikilvægu hlutverki í heimabyggð. Í tilviki staðbundnu fjölmiðlanna er því aðeins gerður áskilnaður um að einn starfsmaður sé þar í fullu starfi við öflun og miðlun efnis.

Í 4. tölul. er gerð krafa um lágmarksútgáfutíðni fyrir prentmiðla auk lágmarksmiðlunar fyrir netmiðla, hljóð- og myndmiðla og annarra sambærilegra miðla.

Í 5. tölul. er gert að skilyrði að fjölmiðill miðli fréttum úr íslensku samfélagi. Skilyrðið er sett í þeim tilgangi að tryggja tengingu við lýðræði og lýðræðislega umræðu hér á landi en ekki er skilyrði að fjölmiðill miðli eingöngu fréttum úr íslensku samfélagi.

Í 6. tölul. er gert að skilyrði að fjölmiðill hafi staðið skil á árlegri skýrslugjöf til fjölmiðlanefndar vegna næsta árs á undan skv. 23. gr. laganna og hafi veitt fjölmiðlanefnd fullnægjandi gögn og upplýsingar um eignarhald og/eða yfirráð fjölmiðils skv. 17. gr. laganna. Rétt er að taka fram að skv. 2. mgr. 23. gr. laganna eru fjölmiðlaveitur með skammtímaleyfi skv. 2. mgr. 16. gr. undanþegnar skýrslugjöf til nefndarinnar. Í 4. mgr. 17. gr. laganna er jafnframt kveðið á um að skylt sé að veita fjölmiðlanefnd öll gögn og upplýsingar svo að rekja megi eignarhald og/eða yfirráð til einstaklinga, almennra félaga, opinberra aðila og/eða þeirra sem veita þjónustu fyrir opinbera aðila og getur fjölmiðlanefnd hvenær sem er krafist þess að framangreindar upplýsingar verði veittar. Ef fjölmiðill vanrækir að láta fjölmiðlanefnd í té skýrslu skv. 23. gr. eða veitir fjölmiðlanefnd ekki fullnægjandi upplýsingar skv. 4. mgr. 17. gr. skal umsókn hafnað. Að auki er gert ráð fyrir að fjölmiðlanefnd geti krafist gagna um raunverulegan eiganda eða eigendur og yfirráð og er í því samhengi vitnað til skilgreininga þar að lútandi í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. Nauðsynlegt er að gerðar séu ríkar kröfur til gagnsæis á eignarhaldi þeirra fjölmiðla sem sækja um rekstrarstuðning úr ríkissjóði. Jafnframt er nauðsynlegt að hafið sé yfir allan vafa hver sé raunverulegur eigandi fjölmiðilsins. Fjölmiðli ber að veita fjölmiðlanefnd þær upplýsingar um eignarhald miðilsins sem nefndin óskar, svo sem með framlagningu kaupsamninga um hlutafé, hluthafasamkomulags, lánasamninga og annarra gagna sem varpað geta ljósi á raunverulegt eignarhald fjölmiðils.

Í 7. tölul. er gerð sú krafa að fjölmiðill sé ekki í vanskilum vegna opinberra gjalda. Gerð er krafa um að sýnt sé fram á þetta með staðfestingu á skuldastöðu við opinbera aðila og er þar miðað við dagsetningu umsóknar til úthlutunarnefndar.

Í 8. tölul. er gerð krafa um að laun og réttindi starfsmanna á fjölmiðli séu í samræmi við lög og kjarasamninga.

Í 9. tölul. er gerð sú krafa að fjölmiðlaveita hafi ekki verið í fjárhagserfiðleikum í lok undanfarins árs, sbr. almenna hópundanþágu (GBER) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014.

Í 10. tölul. er gerð krafa um að styrkþegi skuli skila greinargerð til úthlutunarnefndar um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en sex mánuðum eftir úthlutun styrks. Tilurð málsgreinarinnar má rekja til þeirrar kröfu Eftirlitsstofnunar EFTA að ríki meti áhrif ríkisstyrkja, m.a. hvort styrkurinn sé notaður í það sem honum er ætlað að styrkja og hvort samkeppni sé raskað. Þessar upplýsingar nýtast ríkinu til að meta stuðningskerfið með reglubundnum hætti. Við mat á árangri af lagasetningu verður litið til greinargerða styrkþega um ráðstöfun styrkfjárs. Helstu mælikvarðar við mat á því hvort stuðningurinn nái því markmiði sem stefnt er að eru t.d. breytingar á fjölda blaða- og fréttamanna á ritstjórnnum fjölmiðla, breytingar á útgáfutíðni,

nýsköpun og þróun og fleira. Gera má ráð fyrir að greinargerðir fjölmiðla geti m.a. tekið mið af þessum mælikvörðum.

Um e-lið (62. gr. h).

Í greininni eru talin upp þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að einkarekinn fjölmiðill geti fengið viðbótarstuðning vegna fréttabjónustu í almannapágu á landsvísu. Skilyrðin þurfa öll að vera uppfyllt og eru ófrávikjanleg.

Í 1. tölul. er gert að skilyrði að um sé að ræða stuðningshæfan rekstrarkostnað, sbr. 62. gr. i og að uppfyllt séu önnur skilyrði fyrir stuðningi sem kveðið er á um í 62. gr. g.

Í 2. tölul. er gert að skilyrði að fjölmiðill sinni daglegri fréttabjónustu í almannapágu á landsvísu. Er þar vísað til þess að fréttabjónusta fjölmiðils í almannapágu sé dagleg og „landsdekkandi“, þ.e. þjóni almenningi um allt land en ekki eingöngu íbúum á staðbundnum landsvæðum.

Í 3. tölul. er kveðið á um að efnistök fjölmiðils séu fjölbreytt og með breiða og almenna skírskotun en ekki bundin við afmörkuð svið samfélagsins. Með fjölbreyttum efnistökom er t.d. átt við að fjölmiðill miðli fréttum af innlendum og erlendum vettvangi og fjalli um menningarlíf, íþróttir o.fl. Fjölmiðill sem eingöngu fjallar um eitt afmarkað svið samfélagsins, t.d. eingöngu um íþróttir eða eingöngu um menningu, telst ekki uppfylla skilyrði um fjölbreytt efnistök með breiða og almenna skírskotun.

Í 4. tölul. er gert að skilyrði að ritstjórnarefni fjölmiðils skuli vera að lágmarki helmingur (50%) efnis á móti auglýsingum og a.m.k. fjórðungur (25%) ritstjórnarefnis skuli vera efni sem er frumunnið á ritstjórn fjölmiðils. Ákvæðið er að danskri fyrirmynd og er sett til að tryggja að fjölmiðlar sem hljóta viðbótarstuðning uppfylli lágmarkskröfur um frumunnið ritstjórnarefni og efni sem unnið er óháð hagsmunum auglýsenda. Fjölmiðill sem eingöngu eða mestmegnis birtir þýtt efni getur ekki talist uppfylla skilyrði um efni sem er frumunnið á ritstjórn.

Í 5. tölulíð er gert að skilyrði að efni fjölmiðils sé miðlað á fjölbreyttu miðlunarformi, t.d. á formi texta og útvarps eða texta og sjónvarps. Ákvæðið felur í sér að um sé að ræða fjölþætta fjölmiðlun en ekki bara miðlun á einu miðlunarformi, t.d. eingöngu í útvarpi eða eingöngu á vefmiðli.

Í 6. tölul. er gert að skilyrði að á ritstjórn fjölmiðils starfi a.m.k. 25 blaða- og fréttamenn í fullu starfi við að afla og miðla efni og að ritstjórn hafi viðbragðsgetu allan sólarhringinn. Með skilyrði um viðbragðsgetu er vísað til þess að ritstjórn starfi á fréttavöktum, þ.m.t. bakvöktum, sem geri fjölmiðlinum kleift að bregðast fljótt við og miðla upplýsingum um óvænta atburði, t.d. náttúruhamfarir og aðra vá sem kallar á skjót viðbrögð fjölmiðla í almannapágu.

Í 7. tölul. segir að fjölmiðill skuli sinna kosningaumfjöllun á landsvísu. Í því felist að kynna framboð til alþingiskosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Í því felist einnig að fjölmiðill veitir öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, tækifæri til að kynna stefnumál sín. Skilyrðið er sambærilegt þeim kröfum sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins í lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, en ekki eru þó gerðar kröfur um að fjölmiðill sinni umfjöllun um sveitarstjórnarkosningar. Skilyrðinu er ætlað að tryggja að viðbótarstuðningur renni til fjölmiðla sem sinna mikilvægu lýðræðishlutverki í tengslum við kosningar, í því skyni styrkja lýðræði og lýðræðislega umræðu á Íslandi.

Um f-lið (62. gr. i).

Í greininni er fjallað um stuðningshæfan rekstrarkostnað samkvæmt frumvarpi þessu. Lagt er til að áfram verði einungis heimilt að reikna stuðningsfjárhæðina af tilteknum skilgreindum kostnaðarliðum sem sannanlega falla undir ákvæðið. Það er almennt skilyrði að um sé að ræða útgjöld sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt. Hliðstætt skilyrði kemur til að mynda fram í lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Í a-lið er lagt til að beinn launakostnaður einkarekinna fjölmiðla vegna öflunar og miðlunar á fréttum og fréttatengdu efni falli undir stuðningshæfan kostnað. Hugtakið launakostnaður tekur hvort tveggja til launa og launatengdra gjalda. Um er að ræða heildarlaun fjölmiðils til nánar tilgreindra starfsmanna á ritstjórnnum, þ.e. starfa við blaða- og fréttamennsku, ritstjórn og aðstoðarritstjórn, myndstjórn og upptökustjórn, myndvinnslu og hljóðvinnslu, myndatöku, ljósmyndun, grafíska hönnun, vefforritun og prófarkalestur. Þær breytingar hafa verið gerðar frá fyrri lagaramma um stuðningskerfi fjölmiðla að efnislegt gildissvið ákvæðisins verið vikkað út og tekur nú einnig til starfa við myndstjórn og upptökustjórn, myndvinnslu og hljóðvinnslu, grafíska hönnun og vefforittun. Með því að fjölga þeim störfum sem teljast stuðningshæf er áhersla lögð á að styðja áfram við kjarnastarfsemi fjölmiðla, sem er blaða- og fréttamennska á fréttaritstjórnnum fjölmiðla. Um tæmandi talningu er að ræða. Í því felst að launakostnaður til annarra en þeirra sem tilgreindir eru sérstaklega í greininni fellur utan stuðningshæfs rekstrarkostnaðar í skilningi ákvæðisins. Sem dæmi má nefna að vinna starfsmanna við almenna framkvæmdastjórn fjölmiðils, auglýsinga- eða markaðsmál eða dreifingu og sölu fellur ekki undir endurgreiðsluhæfan kostnað. Hið sama á við prentkostnað og annan hliðstæðan kostnað.

Á sama hátt og í a-lið er í b-lið greinarinnar lagt til að beinn kostnaður fjölmiðla vegna vinnu verktaka við að afla og miðla efni falli undir þann kostnað sem telst stuðningshæfur. Um er að ræða aðkeypta vinnu frá verktökum sem fellur undir þá verkþætti sem getið er um í a-lið. Frádráttarþær virðisaukaskattur, innskattur, sbr. 15. og 16. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, telst ekki til stuðningshæfs kostnaðar samkvæmt frumvarpi þessu.

Umsækjanda ber að sýna fram á að launa- og verktakagreiðslur hafi verið greiddar. Þá er rétt að taka sérstaklega fram að umsækjandi getur vitaskuld ekki fengið rekstrarstuðning oftast en einu sinni vegna vinnu sama starfsmanns. Dæmi um þetta er t.d. blaðamaður sem þiggur laun frá umsækjanda sem starfrækir fleiri en einn fjölmiðil og ritar fréttir bæði í prent- og netmiðil eða ljósmyndari í sömu stöðu sem tekur ljósmyndir sem birtar eru í prent- og netútgáfu viðkomandi fjölmiðils.

Um g-lið (62. gr. j).

Ákvæði 1. mgr. er að danskri fyrirmynd. Sambærileg viðmið um hlutfall af kostnaði er einnig að finna í lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist og lögum um stuðning við útgáfu bóka á íslensku. Árið 2025 var sú breyting gerð á lagaramma um stuðningskerfi fjölmiðla að seinni hlutfallstala ákvæðisins var lækkuð úr 25% í 22%. Lagt er til að áfram verði miðað við sama hámarkshlutfall og að hver styrkþegi geti ekki fengið hærri stuðning en sem nemur 22% af fjárveitingu til verkefnisins. Markmið breytingarinnar er að stuðla að jafnari dreifingu stuðningsins milli umsækjenda. Auk þess takmarkast úthlutun til einstakra fjölmiðla af þeirri heildarfjárhæð sem til ráðstöfunar er ár hvert og er stuðningur til allra umsækjenda skertur í jöfnum hlutföllum þar til heildarfjárhæðin er hin sama og áætlaðar

fjárveitingar til verkefnisins, að fráðregnum kostnaði við úrvinnslu umsókna og þóknun vegna starfa úthlutunarnefndar.

Próunin annars staðar á Norðurlöndunum hefur verið í þá átt að lækka hámarkshlutfall styrkja til einstakra fjölmiðla, t.d. í Noregi og Svíþjóð, sem og að auka stuðning við staðbundna miðla til þess að tryggja að ekki myndist svokallaðar fréttæyðimerkur, þ.e. tryggja aðgengi alls almennings að vandaðri og óháðri fréttamennsku, þ.m.t. að fjölmiðlum sem miðla af heimabyggð í heimabyggð.

Í 2. mgr. er lagt til að staðbundnir fjölmiðlar utan höfuðborgarsvæðisins, fái áfram 20% álag á fjárhæð styrks. Með staðbundnum fjölmiðlum er átt við landshluta-, héraðs-, hverfis- eða bæjarmiðla sem hafa fyrst og fremst staðbundna efnisskírskotun og höfða aðallega til notenda sem tengsl hafa við útbreiðslusvæði miðilsins. Rökin fyrir því voru m.a. þau að á Norðurlöndunum hafi sérstök áhersla verið lögð á að efla fréttáutgáfu um land allt með því að styðja við staðbundna miðla. Þá leiddi samráð við staðbundna fjölmiðla árið 2025 í ljós hversu mikilvægur stuðningurinn er fyrir smærri fjölmiðla.

Markmið 3. mgr. er að koma í veg fyrir að hið opinbera greiði styrki vegna sama efnis oftast en einu sinni. Gildissvið greinarinnar er bundið við opinbera aðila. Hefðbundinn skilningur er lagður í hugtakið opinber aðili en undir það falla bæði ríki og sveitarfélög. Styrkir frá einkasjóðum eða einkaaðilum dragast því ekki frá þeirri fjárhæð sem telst endurgreiðsluhæfur kostnaður.

Í 4. mgr. er fjallað um það hvernig stuðningur til allra umsækjenda skerðist í jöfnum hlutföllum, fari heildarfjárhæð samþykktra umsókna um stuðningshæfan rekstrarkostnað, að teknu tilliti til takmarkana skv. 1. mgr., umfram fjárveitingu til verkefnisins. Verði heildarfjárhæð samþykktra umsókna um stuðningshæfan rekstrarkostnað lægri en fjárveiting til verkefnisins skiptast afgangsfjármunir milli umsækjenda í réttum hlutföllum við kostnað þeirra. Þannig ræður umfang og fjöldi umsókna því hvernig stuðningur dreifist endanlega á milli fjölmiðla.

Í 5. mgr. kemur fram að úthlutunarnefnd ákvarði fjárhæð stuðnings telji nefndin að fjölmiðill uppfylli skilyrði fyrir rekstrarstuðningi en ella skuli umsókn hafnað. Tekið er fram að úthlutunarnefnd sé heimilt að lækka umsóknarfjárhæð fallist hún ekki á að allir kostnaðarliðir, sem fram koma í umsókn, séu stuðningshæfir samkvæmt lögum þessum. Er nefndinni þá heimilt að lækka umsóknarfjárhæð sem þeim kostnaðarliðum nemur að eigin frumkvæði.

Þá segir í 6. mgr. að berist umsókn um rekstrarstuðning eftir að umsóknarfrestur rennur út skuli vísa henni frá. Sú undantekning skuli þó vera frá þeirri meginreglu að ef umsækjandi færir gildar ástæður fyrir töfunum geti nefndin tekið umsókn hans til afgreiðslu. Úthlutunarnefnd metur það í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi en um strangt mat er að ræða samkvæmt þessari málsgrein.

Í 7. mgr. er fjallað um úthlutun fjárveitinga til viðbótarstuðnings við fjölmiðla sem sinna fréttapjónustu í almannabágu á landsvísu. Fram kemur að sú fjárhæð sem til úthlutunar verði ár hvert skuli skiptast í jöfnum hlutföllum á milli umsækjanda sem uppfylla skilyrði 62. gr. h.

Í 8. mgr. er kveðið á um að stjórn eða framkvæmdastjóri fjölmiðils staðfesti að upplýsingar og gögn vegna umsóknar séu í samræmi við ákvæði laga þessara, t.d. með undirritun umsóknar. Fram kemur að séu gögn um stuðningshæfan rekstrarkostnað skv. 62. gr. í ófullnægjandi skuli nefndin veita umsækjanda frest til að skila inn fullnægjandi gögnum. Berist nefndinni ekki fullnægjandi gögn að loknum veittum fresti eða bendi gögn málsins til þess að kostnaðaruppgjör sé ekki í samræmi við ákvæði frumvarpsins skuli hún hafna beiðni um rekstrarstuðning.

Um h-lið (62. gr. k.)

Í g-lið er mælt fyrir um heimild úthlutunarnefndar til endurupptöku ákvörðunar um stuðningshæfan rekstrarkostnað komi í ljós að rekstrarstuðningur til umsækjanda hafi verið of hár. Þetta gæti gerst hvort sem er vegna villu sem upp getur komið í forsendum útreiknings eða vegna orsaka sem rekja má til umsækjanda. Gert er ráð fyrir að úthlutunarnefnd annist undirbúning og framkvæmd vegna endurákvörðunar. Í því skyni skal nefndin afla nauðsynlegra gagna og gefa aðilum kost á að koma sínum sjónarmiðum að áður en ákvörðun verður tekin. Leiði endurákvörðun til lækkunar skal umsækjandi skila þeirri fjárhæð sem umfram er í ríkissjóð innan tíu daga frá því að tilkynnt var um ákvörðunina. Hæfilegt er talið að heimild til endurupptöku við aðstæður sem þessar standi í fjögur ár frá upphaflegri ákvörðun úthlutunarnefndar.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi og komi fyrst til framkvæmda árið 2026. Ákvæði X. kafla B falli úr gildi 1. janúar 2031. Nauðsynlegt að samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA liggi fyrir áður en þær ríkisaðstoðarráðstafanir sem felast í frumvarpinu koma til framkvæmda.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.